



Varðar: Suðurlandsvegur-Elliðaár - framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn Veitna ohf., dags. 26. maí 2025, um framkvæmdaleyfi vegna færslu á legu Suðuræðar I austur fyrir Breiðholtsbraut og lagningu Suðuræðar II samhliða, samkvæmt teikningasetti COWI, dags. 15. maí 2025.

Einnig er lögð fram yfirlitsmynd COWI, dags. 25. janúar, umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 17. febrúar 2025, og leyfisveiting Vegagerðarinnar, dags. 28. apríl 2025, vegna lagningu leiðslu/vinnu á vegsvæði Hringbrautar og Breiðholtsbrautar.

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er að ræða færslu á legu stofn-, dreifi- og flutningskerfa hitaveitu. Framkvæmdin telst umfangsmikil.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag


Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er að ræða flutningskerfi hitaveitu. Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Í viðauka 10 við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er fjallað um veitur og vatnsvernd í tengslum við forsendur í skipulagi. Um veitur segir m.a. : „*Veitur ohf. (dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur) sjá um rekstur stofn- og dreifikerfis rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í Reykjavík og að hluta til í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Sem hluta af þeim rekstri þurfa Veitur að tryggja þjónustu við notendur með nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun veitukerfanna, þ.e. lagna og strengja neðanjarðar og mannvirkja svo sem dreifistöðva rafmagns, safntanka, dælustöðva og hreinsistöðva vatnsmiðla.*“ Ennfremur segir í kafla um Veitur: „*Jafnframt kalla framkvæmdir á þegar uppbyggðum svæðum á þörf á færslu fyrirbyggjandi mannvirkja.*“

Fyrir hendi er B-hluti aðalskipulagsins, þ.e. B2: Skapandi borg – forsendur og skýringar. B-hluti aðalskipulags er leiðbeinandi forsendur og skýringargögn. Megin forsendur, hugmyndafræði og áherslur sem eru leiðbeinandi og höfð til hliðsjónar við frekar breytingar á aðalskipulaginu, túlkun hinnar bindandi stefnu og eftir atvikum við mótun skipulags og ákvarðatöku á neðri stigum skipulagsgerðar. Í B2 segir um vatnsveitu og vatnsvernd: „*Eftir því sem byggð þéttist og þörf fyrir heitt vatn eykst næstu ár og áratugi er gert ráð fyrir aukinni nýtingu Hellisheiðar- og Nesjavallavatns inn í höfuðborgina. Til þess þarf að leggja stofnæðar inn í borgina og byggja nýjar dælustöðvar.*“ Ennfremur segir: „*Á næstu árum er gert ráð fyrir talsverðri endurnýjun flutnings- og stofnæða enda eru þær víðar orðnar gamlar, bilanir nokkuð tíðar og mikilvægi lagna mikið. Slík endurnýjun er fyrirferðarmikil hverju sinni.*“

Deiliskipulag/Hverfisskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Norðlingaholt en auglýst var um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda þann 10. júní 2003 og liggur framkvæmdasvæðið um hluta þess.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, landnotkun.

Lýsing á framkvæmd

Vegagerðin undirbýr nú tvöföldun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Lagnir Veitna munu lenda í uppnámi við þessar framkvæmdir og þurfa að bregðast við. Veitur þurfa því annarsvegar að færa legu Suðuræðar I austur fyrir Breiðholtsbraut auk þess að leggja Suðuræð II samhliða til að auka flutningsgetu og rekstraröryggi. Verkefnið er hluti af kerfisáætlun Veitna sem ráðast þarf í til að auka og tryggja afhendingu á heitu vatni til viðskiptavina. Mikil aukning hefur verið í notkun ásamt því að fyrirsjáanleg er frekari aukning og því þarf að ráðast í þessar framkvæmdir ef ekki á að koma til skerðingar á afhendingu á heitu vatni.

Fyrsti áfangi tvöföldunar Suðuræðar nær frá Elliðaáam að Suðurfelli og voru verklok á þeim áfanga árið 2024. Skoðaðir hafa verið fjölmargir möguleikar á lagnaleiðum og er þessi leið í gegnum skóginn eina leiðin sem er fær. Hönnun gerir ráð fyrir að lögnin þveri Suðurlandsveg austan megin við vegamót Breiðholtsbrautar og Suðurlandsvegar. Lagt er til að leggja tvö Ø1400mm ídráttarrör sem Suðuræð I og II myndu nýta til að þvera veginn. Suðuræð I mun þvera Elliðaár þar sem að Breiðholtsbrautin liggur nú en þar mun lögnin verða lögð í brúnni yfir ána á sama hátt og var gert með Suðuræð II og framkvæmt var á árinu 2024.


Að loknum þessum áfanga sem nú er lagður fyrir Reykjavíkurborg til umsóknar um framkvæmdaleyfi gera áætlanir Veitna ráð fyrir að ráðast þurfi í þriðja áfanga sem ber heitið RVK: Suðuræð 2. Reynisvatnsheiði – Suðurlandsvegur árið 2026 og taka í notkun haustið 2028, miðað við núverandi áætlanir um fjölgun íbúa og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Að loknum þriðja áfanga verður rekstraröryggi Suðuræða og flutningsgeta orðin fullnægjandi, frá Reynisvatnsheiði að Suðurfelli til næstu áratuga en við Suðurfell er vatni dreift um höfuðborgarsvæðið um nokkrar lagnir.

Lagnaleyfi á vegsvæði Vegagerðarinnar

Fyrir liggur leyfi Vegagerðarinnar, dags. 28. apríl 2025, um heimild fyrir legu lagnarinnar/leiðslunnar í veghelgunarsvæði Suðurlandsvegar og Breiðholtsbrautar.

Framkvæmdaáætlun

Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2025 og standi fram á haustið 2027.



Yfirlitsmynd framkvæmda.

Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi vegna færslu á legu Suðureðar I austur fyrir Breiðholsbraut og lagningu Suðureðar II samhliða enda er framkvæmdin í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur. Þá liggur fyrir heimild Vegagerðarinnar fyrir legu lagnarinnar/leiðslunnar í skilgreindu veghelgunarsvæði.

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími er áætlaður frá hausti 2025 til haustsins 2027.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til tveggja ára frá útgefnum degi í samræmi við framkvæmdaáætlun, þ.e. frá 1. ágúst 2025 til 1. ágúst 2027. En verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir tefjast að einhverju leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að framkvæmdasvæðið er við umferðarmiklar stofnbrautir. Því skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við stofnbrautina og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun/raski og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess.

Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa.

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflega um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif eins og unnt er. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá framkvæmdum t.d. af völdum olíu og annarra efna sem geta losnað út í umhverfið meðan á framkvæmdum stendur. Jafnframt að framkvæmdaaðilar séu vel upplýstir um umhverfismál áður en framkvæmdir hefjast.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Mótvægisáðgerðir: Veitur hafa samþykkt að vinna að mótvægisáðgerðum vegna trjáfellinga um Rauðavatnsskóg í samstarfi við verkefnastjóra hjá Reykjavíkurborg. Mikilvægt er að þær mótvægisáðgerðir séu vel skilgreindar á framkvæmdatíma.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.